

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**6. fundur 2021 (106. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 23.08.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi

**1. Fálkavöllur 7 og Fálkavöllur 13 – breyting á deiliskipulagi**

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Fálkavöllur 7 og Fálkavöllur 13. Breytingin felst í eftirfarandi:

Fálkavöllur 7: Byggingarreitur er stækkaður. Hámark byggingarmagns verði 8.300 m<sup>2</sup> í stað 7.000 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,5.

Fálkavöllur 13: Byggingarreitur er stækkaður. Hámark byggingarmagns verði 12.000 m<sup>2</sup> í stað 9.000 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,47.

Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna breytingartillögunnar og nái hún til lóðarhafa Fálkavallar 1, 2, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 17, 19, og 27.

Skipulagsnefndin samþykkti ennfremur að sýna skuli á skipulagsuppdrætti staðsetningu áskilinna bílastæða á lóðunum.

**2. Vegur frá Aðalgötu að FLE svæði – ósk Isavia um framkvæmdaleyfi**

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 22.07.2021, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna nýs þjónustuvegar frá Aðalgötu að haftagirðingu við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag og fram hefur farið umhverfismat samkvæmt C flokki umhverfismats. Niðurstaða þess er að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfið vegna vegarlagningarinnar. Skilyrði vegna framkvæmdarinnar er að gengið verði frá foksvæðum hennar jafnóðum.

**3. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar. Byggingarmagn B svæðis**

Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, byggingarmagn B svæðis, hefur tekið gildi með auglýsingu í B – deild Stjórnartíðinda, dags. 23.07.2021.

#### **4. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 27. september 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)